



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Jan 2006

1. tbl. 13. árg.

Meðal efnis:

Lífriki Kleifarvatns

- Pistill frá Náttúrufræðistofu Kópavogs

Skýrsla Hlíðarvatnsnefndar

- Skýrslan í mynrænni framsetningu

Vetrarstarfið

- Hvað er framundan

Efnilegasta silungaflugan 2006

- Nú taka allir "hnýtarar" félagsins þátt

Gamalt og

- Það gerist ýmislegt hjá okkur ...

Lagabreytingar á aðalfundi

- Einhverjar lagabreytingar á dögnum

Takið Eintak

Félagar athugið:
Aðalfundur SVH
verður haldinn 16.
febrúar n.k., sjá bls: 16



Góð veiði úr Hlíðarvatni.

Myndin er tekin 3. júlí og er afli eftir 2 ½ tíma veiðiskap hjá Vigni B. Árnasyni og Ingunn H. Þóroddsdóttir. Aflinn fékkst suður af Hjalldanga, aðallega austan til (allt að hraunbrúninni við Krístrúnarvík).

Sjáið skýrslu Hlíðarvatnsnefndar á bls.: 11 - 13.

Óli í **Veiðihorninu** var með frábæra kynningu á opnu húsi, fimmtudaginn 26. janúar.

AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Evar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Ritstjórinn

Sælir veiðimenn! Viðtalstími?



Jæja nú virðist "reiðilestur" minn yfir ykkur félagar góðir aðeins vera farinn að skila sér. Ég er farinn að fá ansi gott úrval af myndum, reyndar frá örfáum aðilum. Þið hinir sem eigið myndir megið alveg kíkja til mín upp í félagsheimili á fimmtudagskvöldum með myndir, fá ykkur kaffi með mér, þetta yrði þá einhverskonar "viðtalstími". Það er allt efni vel þegið, þó ég noti það ekki strax er þetta um

leið góð heimildasöfun um félagið.

Hvert er verið að stefna?

Þegar Óli í Veiðihorninu var með fyrirlesturinn hjá okkur um daginn vorum við að ræða verðlagning veiðileyfa "sumra" veiðileyfasala. Verðhugmyndir þeirra eru algörlega fáheyrðar. Dæmi um þetta er silungasvæði í ákveðinni á hér fyrir norðan, fara með verðið úr 10.500 krónum daginn upp í 24.900. Hvert er verið að stefna? Ekki á "okkar" markað, það er ódýrara að fara í laxveiði í Skotlandi en silung á Íslandi. Ég held að þeir sem eru á þessari línu ættu að endurskoða þessar hugmyndir. Eða hvenær segja menn stopp og hætta að versla leyfin á þessu verði?, vonandi ekki of seint!!

Kveðja;

Evar

ATH - ATH - ATH

Af sérstökum ástæðum losnaði hinn glæsilegi salur okkar eftirtalda tvo daga:

9. apríl sem er **Pálmasunnudagur**

17. apríl sem er **Annar í Páskum**

Samkomusalur félagsins

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan. Hann er mjög heppilegur fyrir smærri veislur og samkvæmi með sæti fyrir allt að 70 manns.

Sigríður - hs: 565-3602

GSM: 892-3037

Ármann - vs: 565-4060



Uppskriftin

Við skulum hafa þetta einfalt núna:

4-6 silungaflök

hveiti

smjör

olía

möndlur og

furuhnetur

salt

pipar

Kryddið hveitið með salti og pipar.

Veltið flökunum upp úr hveitinu.

Hitið olúna á pönnu, setjið flökin á pönnuna og bætið smjörinu á pönnuna.

Steikið flökin í 3-4 mínútur á hvorri hlið.

Takið flökin af pönnunni og setjið á diska.

Setjið möndlur og furuhnetur á pönnuna og ristið í smá stund og setjið yfir flökin.



Gott er að hafa með þessu soðnar kartöflur og gott salat.

Ath, allt hráefnið fæst í Fjarðarkaupum.

Ágæti lesandi, ég hef verið beðinn um að finna uppskrift að góðri silungasúpu. Ef einhver lumar á einni slíkri, má kíkja með uppskriftina til mín á fimmtudegi, á opið hús, upp í félagsheimili.

Ritstjóri.

FK

FJARÐARKAUP

Verslun Veiðimannsins

Formaðurinn

Kæri Jólasveinn!

Það var gaman að sjá vel mætt á opið hús þ.26. jan þegar Ólafur í Veidihorninu heimsótti okkur með stórskemmtilega myndasýningu og sýndi okkur jafnframt nýjar Hardy- veiðistangir sem þróaðar hafa verið í samvinnu við íslenska veiðimenn og nefnast Hardy-Iceland.

Ég segi vel mætt, það voru um 25 gestir, það er reyndar rétt innan við 10% félagsmanna og þó það sé bara nokkuð gott get ég ekki annað en velt því fyrir mér hvort menn séu eitthvað feimnir við að mæta, það voru ekki mörg ný andlit. Kæri nýliði í félaginu, láttu það eftir þér að koma og hitta hina kallana, spjalla og miðla þekkingu þinni og reynslu eða fræðast um sportið, þér verður vel tekið ég ábyrgist það.

Þið ágætu eldri félagar, hefðuð þið ekki

bara gaman af því að kíkja einstöku sinnum og sjá hvað er í gangi, kaffisopi, gamlir kunningjar og nýjungar í veiðiskapnum, ég ábyrgist að við hinir yngri þiggjum með þökkum gamlar og nýjar sögur um hvernig þetta var "hér í den".

Fimmtudaginn 9. febrúar verðum við með kynningu á félaginu meðal bæjarbúa og nágranna, ég leyfi mér að hvetja féлага til að mæta og taka með sér gesti, veiðifélaga, vini og vandamenn, við þurfum að fjölga í félaginu og efla það ef ekki á að síga á verri veg.

*Hlakka til að sjá sem flesta;
Ykkar einlægur formaður;
Hans Unnþór Ólason*



Gamalt og ... þó

Um daginn vorum við nokkrir saman að skoða "gamalt" dót uppi í félagsheimili. Við rákumst þar á gamla lögregluskýrslu frá maí 1976 þar sem verið var að taka skýrslu af þeim aðilum sem voru í skálanum við Djúpavatn þegar hann brann.

Þetta var ansi fróðleg lesning, hér eru nokkrir "úrdrættir" úr textanum, þó verða engin nöfn birt. Fyrst er rætt við þann sem "skutlaði" mönnunum upp í Djúpavatn og þar segir: ... "Ég hafði samband við X, leigubílstjóra á BSH, sem kvaðst hafa




ekið umræddum mönnum upp að Djúpavatni í nótt og verið þar um kl. 03:00. Ekki kvaðst hann hafa séð á þeim áfengisáhrif né að þeir væru með vín meðferðis. Þeir hafi sagst ætla að hitta vinnuveitanda annars, sem væri í veiðihúsinu, en er uppeftir kom hafi enginn verið í húsinu en þeir talið að hann væri jafnvel við annað vatn skammt frá og þangað hafi mennirnir- þeir stefnt og hann farið í bæinn."...

Síðar segir svo frá þegar mennirnir koma á lögreglustöðina ... "Það skal tekið fram að menn þessir, A og B, voru mjög lítið undir áhrifum vins er þeir komu hingað. Þeir voru með veiðitösku meðferðis og í henni ein flaska af brennivíni, sem í var smáslatti, lögg."....

Hérna er það hann Asmundur okkar sem Framhaldið af þessu verður svo birt í veiddi þennan fallega fisk í Djúpavatni næsta blaði. núna síðasta sumar.

† Kolbeinn Grímsson (1921 - 2006)



Þegar ég frétti af andláti vinar míns Kolbeins Grímssonar leitaði hugurinn til þess tíma þegar ég kynnist honum. Kolbeinn kom nokkru sinnum á vinnustað minn, enda vann mágur hans Ellert Kristjánsson þar með mér. Margar skoðanir Kolbeins um veiðaskap komu mér svolítið á óvart, t.d. "að ekkert væri umtalsverður veiðiskapur sem ekki væri eingöngu stundaður með flugu". En ég átti eftir að skipta um skoðun hvað þetta varðaði.

Hjörleifur Gunnarsson fékk mig einu sinni til að fara með bandarískan verkfræðing, sem staddur var hér á landi austur í Hlíðarvatn til að leyfa honum að "kasta fyrir silung". Ég sótt manninn inn á Hótel Loftleiðir.

og þegar hann kom út af hótelinu blasti við mér sá stærsti hólkur sem ég hafði þá séð utan um stengur. Ég var á Skoda sem ég átti þá og skyldi ekki hvernig í ósköpunum ég ætti að koma þessu inn í bílinn, það tókst þó. Þegar við komum að Hlíðarvatni nam ég staðar á grasblettinum fyrir ofan Botnavikið, þá dró Kaninn hólkinn stóra út úr bílnum, lagði hann á grasið, dró göndul innan úr hólknunum, breiddi hann á jörðina og fletti í sundur, komu þá í ljós sex til sjö flugustengur af hinum ýmsu gerðum. Þegar ég stóð gapandi yfir þessu var boðið hressilega "Góðan daginn" hjá okkur. Var þar kominn Kolbeinn Grímsson, ég kynnti hann fyrir félaga mínum og þeir fóru að tala saman og setja saman stöng úr stangasafninu og til að gera langa sögu stutta sá ég þá félaga ekkert fyrr en tími var að fara heim um kvöldið. Ég skyldi ekki allt sem Ameríkaninn sagði á leiðinni á Hótelinu, en nóg til þess að vita að þessi dagur var sá besti sem hann hafði átt í veiði vegna þessa stórkostlega manns, sem hann hafði kynnst þessan dag. Þeir fengu engan fisk en það breytti engu.

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar leigði alltaf sínar stengur í Hlíðarvatni af Kjartani Sveinssyni, sem aldrei vildi leigja okkur allar stengurnar, vildi eiga eitthvað handa sjálfum sér og vinum sínum, en einn daginn var hið nýstofnaða veiðifélag Ármenn komið með tvær stengur og í dag veit ég að Ármenn geta þakkað Kolbeini Grímssyni að þeir eiga þrjár stengur í Hlíðarvatni í dag.

Kolbeinn tók lengi þátt í kastkenndu, sem hann var sérfræðingur í, eins fluguhnýtingar og einnig hannaði hann margar flugur sjálfur má þar nefna peacockinn, sem mun vera gjöfulesta flugan í Hlíðarvatni og víða annarsstaðar og Rektorinn sem reynt hefur mjög vel í urriðanum í Laxá í Aðaldal og að ógleymdri sjálfri Hólmfríði sem allir þekkja sem fara í Laxár-urriðann. Vinátt okkar Kolbeins byggðist ekki síðst á því hvað okkur þótti vænt um Hlíðarvatn, við gátum setið í brekkunni við Kaldósinn og dásamað vatnið en við sátum aldrei lengi því við vorum báðir það sem menn kalla "Með veiðidellu".

Við sem þekktum Kolbein Grímsson munum alltaf sakna hans og minnst hans með virðingu. Megi hann ganga í friði á nýjum veiðilendum.

Ármann Sigurðsson.



Peacock; Ein þekktasta fluga Kolbeins. Svona og bara svona á að hnýta hana sagði Kolbeinn.

LÍFRÍKI KLEIFARVATNS

KYNNING Á RANNSÓKNARVERKEFNI

Október 2004

Náttúrufræðistofa Kópavogs • Náttúrustofa Reykjaness • Gróður fyrir Fólk í Landnámi Ingólfs

ATHYGLISVERT STÖÐUVATN


Kleifarvatn er langstærsta og dýpsta stöðuvatnið á Suðurnesjum og jafnframt í hópi stærstu og dýpstu vatna landsins. Vatnið er um 10 km² að stærð og dýpi allt að 97 m.

Vatnið er sérstakt og löngu þekkt fyrir umtalsverðar vatnsborðssveiflur, sem geta skipt nokkrum metrum milli ára. Nýlegar mælingar Orkustofnunar staðfesta að vatnsborð lækkaði á tveimur árum um 4,5 m eftir jarðskjálftann þ. 17. júní 2000. Ekkert náttúrulegt stöðuvatn á Íslandi sýnir jafnmiklar breytingar á vatnsborðsstöðu og Kleifarvatn.

Hveravirkni í suðaustanverðu vatninu skapar vatninu einnig sérstöðu. Fá stöðuvötn, ef nokkurt hafa jafnmikla hveravirkni innan vatnsskálarinnar og Kleifarvatn.

Silungur er í vatninu og stangveiði hefur verið stunduð þar um alllangt skeið á vegum Stangaveiðifélags Hafnarjarðar. Fram til 1970 veiddist vel í vatninu en eftir það hefur veiði verið dræm og fiskur sagður bæði smár og illa haldinn. Ekki er vitað með neinni vissu um orsakir þessara breytinga, enda hafa engar rannsóknir verið gerðar þar að lútandi. Tilraunir með sleppingar á fiski í Kleifarvatn hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Aðrir möguleikar til fiskræktar í vatninu hafa ekki verið kannaðir til hlítar.

Þekking á lífríki Kleifarvatns er takmörkuð og engar lífræðirannsóknir með nútímalegu sniði hafa verið stundaðar í vatninu í meira en hálfa öld, eða síðan Geir Gigja kannaði þar gróður og smádyralíf á fimmta áratug síðustu aldar.



ÁHUGAVERÐAR og GAGNLEGAR RANNSÓKNIR

Mjög áhugavert og löngu tímabært er að ráðast í rannsókn á vistfræði Kleifarvatns. Æskilegt er að hefja sem fyrst ítarlega grunnrannsókn sem tæki til efna- og eðlisþátta og helstu lífveruhópa á borð við þörungna, botndýr, sviðfyr og fiska.

Landgræðsla og vatnalífriki

Rannsóknir á lífríki og efnafræði Kleifarvatns eru sérstaklega áhugaverðar m.t.t. áforma samtakanna **Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs** um að græða land með því að bera lífrænan áburð á örfoka mela í námunda við vatnið. Landgræðsluverkefnið veitir einstakt tækifæri til að fylgjast með hugsanlegum áhrifum næringarefnaauðgunar á efnabúskap og lífríki vatnsins. Engar athuganir hafa áður farið fram hér á landi á áhrifum áburðargjafar á vatnavistkerfi, en rannsóknir á þessu sviði eru mjög umfangsmiklar erlendis, bæði í tengslum við efnamengun frá landbúnaði og þéttbýli og, einkum á allra síðustu árum, í tengslum við næringarefnaauðgun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Jarðvarmaáhrif og vatnalífriki

Vegna jarðvarmaáhrifa hentar Kleifarvatn einnig vel til rannsókna í því augnamiði að spá fyrir um hugsanleg áhrif loftslagshlýnunar á vatnavistkerfi. Rannsóknir á þessu sviði í Kleifarvatni gætu tengst umfangsmiklu Evrópusambandsverkefni sem Náttúrufræðistofa Kópavogs tekur þátt í.

Vatnsborðssveiflur og vatnalífriki

Engar rannsóknir hafa verið gerðar í stöðuvatni hér á landi beinlínis í því skyni að varpa ljósi á áhrif vatnsborðssveiflu á vatnalífriki. Rannsóknir á þessu sviði í Kleifarvatni ættu að gagnast m.a. aðilum sem fást við vatnsaflsvirkjanir og umhverfisáhrif miðunararlóna.

Fiskur

Fiskirannsóknir í Kleifarvatni eru mjög áhugaverðar, en ekkert er vitað um stofnstærð, vöxt eða aldurssamsetningu, né er vitað á hverju fiskurinn lifir eða hvaða þættir í vatninu kunna að takmarka þrif hans.

TILHÖGUN RANNSÓKNAR

MARKMIÐ

Grunnrannsókn á Kleifarvatni mun taka til allra helstu þátta vistkerfisins. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um gerð, eðli og ástand vistkerfisins m.t.t. næringarefna, vatnshita og sýrubúskap og helstu lífveruhópa, þ.m.t. þörungum, botndýra, svifdýra og fiska.

Upplýsingar um framangreind atriði nýtast á marga vegu, til dæmis:

- Varpa ljósi á þætti sem takmarka þríf fiska í vatninu
- Veita vitneskju um möguleika á styrkingu fiskistofna og eflingu veiða
- Varpa ljósi á áhrif miðlunarlóna á vatnalífriki
- Veita vitneskju um áhrif loftslagsbreytinga á vatnalífriki

Rannsóknin miðar öðrum þæði að því að leggja grunn að reglulegri vöktun í vatninu, til dæmis með sýnatöku annað eða þriðja hvert ár, þar sem fylgst yrði með völdum lykilstöðum, einkum næringarefnum, þörungum og svifdýrum.

Vöktun á Kleifarvatni er mjög æskileg í ljósi landgræðsluverkefnisins á vegum Gróðurs fyrir Fólk í Landnámi Ingólfs. Verkefnið hefst í byrjun árs 2006 þegar hrossatað verður borið á tvö svæði við vatnið (rauð svæði á korti). Nauðsynlegt er að hefja rannsóknir í Kleifarvatni strax árið 2005 til að afla upplýsinga um grunnástand vatnsins áður en hugsanlegra áhrifa fer að gæta af völdum áburðarins í vatninu.



AÐFERÐIR

Í grunnrannsókninni verður gagna aflað um tegundasamsetningu og magn þörungum og dýra á mismunandi árstímum (vor, sumar og haust) til að fá vitneskju um vöxt og viðgang lífveranna.

Sýnataka á smádyrum beinist að þremur helstu búsvæðum vatnsins:

- FJÖRUVIST (grýtt fjörubelti) – aðalbúsvæði skordýra og lindýra
- SETVIST (djúpbotn) – aðalbúsvæði fáburstunga
- SVIFVIST (vatnsbolur) – aðalbúsvæði svifæggra krabbadýra

Rannsóknir á þörungum ásamt mælingum á efna- og eðlisþáttum fara aðallega fram í svifvíst úti í vatnsbolnum.

Rannsóknir á fiski fara fram með veiði (net-, gildru- og rafveiði) og stofnstærðarmati með fisksjá. Upplýsingar munu fást um lengdar-, þyngdar- og aldurssamsetningu, kynþroska, fæðuval og snikjudýr.




AÐSTANDENDUR

Náttúrufræðistofa Kópavogs og Náttúrustofa Reykjaness hafa mikinn áhuga á að ráðast í lífríkisrannsóknir í Kleifarvatni í samstarfi við samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs. Báðar náttúrufræðistofurnar hafa mikla reynslu af vatnalífiríkisrannsóknum og eiga að baki mörg verkefni á því sviði fyrir ríki, sveitarfélög og fyrirtæki.

Grunnrannsókn á Kleifarvatni sem tekur til allra helstu þátta vistkerfisins kostar um 6 milljónir kr. Fjármögnun verkefnisins er nú þegar að hluta til tryggð með framlögum aðstandenda og styrk frá Evrópusambandinu. Töluvert vantar upp á fjármögnunina og er þess vænst m.a. að sveitarfélög sem aðild eiga að Reykjanessfólkvangi sjái sér fært að styðja verkefnið. Einnig verður leitað eftir stuðningi fjársterka fyrirtækja sem láta sér annnt um umhverfismál.

Nánari upplýsingar um verkefnið veita dr. Sveinn K. Valdimarsson (nr@sandgerdi.is, Náttúrustofa Reykjaness), dr. Hilmar J. Malmquist (hilmar@natkop.is, Náttúrufræðistofa Kópavogs) og Björn G. Jónsson (gff@gff.is, Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs).





.....

.....



THE
ULTIMATE
 4-STROKE OUTBOARD

EURO 1
 EMISSIONS STANDARDS



SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
 KAPLAHRAUN 1, 220 HAFNAFJÖRÐUR
 Sími: 565 1725, WWW.SUZUKI.IS

Efnilegasta silungaflugan 2006

Húskarlar efna til samkeppni um efnilegustu silungafluguna fyrir sumarið 2006.

Allir hýtarar hjá SVH, svo og þeir sem mæta á opin hús á fimmtudagskvöldum hjá SVH mega taka þátt í samkeppninni.

Vegleg verðlaun verða veitt fyrir efnilegustu fluguna á lokahófi Húskarla, *Kvöldið Fyrir Sumardaginn Fyrsta*.



Uppskrifin að verðlaunaflugunni:

Skott: Svartur Íkorni
Vöf: Gull oval
Búkur: Svart floss
Kragi: Peacock fanir
Haus: Gull kúla
Hnýtt smá, 12 til 14

Þátttökureglur:

Flugan skal vera silungafluga hnýtt á öngulstærð frá nr. 8 til 12. Að öðru leyti er frjálst með hvernig hún er hnýtt (**púpa, straumfluga eða fullklædd**)

Hver hnýtari má skila inn einni flugu

Flugan skal merkt með dulnefni og skila þarf líka inn lokuðu umslagi með nafni viðkomandi og skal umslagið merkt með sama dulnefni

Húskarlar skipa þriggja manna dómnefnd sem dæmir flugurnar

Ekki verður einungis dæmt út frá fegurð hnýtingar heldur einnig út frá hversu veiðileg flugan þykir

Flugunni þarf að skila í síðast lagi á opnu hús þann 06. apríl 2006

Með flugunni þarf að fylgja uppskrift og helst heimild til að birta mynd af flugunni og uppskriftina í Agninu og vef SVH

Húskarlar

Efnilegasta flugan 2005 í prófun?



Það skyldi þó ekki vera að Einar hafi verið að prófa tilvonandi "Efnilegustu silungafluguna 2005" hér á þessum frábærum myndum teknum við Hlíðarvatn í júní 2004.


Einar Sigurðsson #73 átti einmitt efnilegustu silungafluguna 2005.

Vetrarstarfið framundan ...

02. febrúar	Hnýtingarkvöld
09. febrúar	Kynning - Veiðikortið og starfsemi SVH
16. febrúar	Aðalfundur SVH
23. febrúar	Hnýtingarkvöld
02. mars	Kynning - Veiðibúðin við Lækinn
09. mars	Hnýtingarkvöld
16. mars	Hnýtingarkvöld
23. mars	Kynning - Garðar Scheving kynnir
veiðisvæði Þingvallarvatns	
30. mars	Hnýtingarkvöld
06. apríl	Kynning - Sportvörugurðin
19. apríl	Lokahóf, Kvöldið fyrir Sumardaginn
fyrsta	


Skýrsla Hlíðarvatnsnefndar

Hlíðarvatn 1995 - 2005



Yfirlit yfir veiði í Hlíðarvatni á vegum Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar (SVH) frá 1995. Einnig er sett inn heildarveiði samkvæmt upplýsingum frá Veiðimálastofnun frá árinu 1999. Samkvæmt yfirlitinu er SVH með 38 - 45% aflans í vatninu. Önnur stangaveiðifélög sem veiða í vatninu eru Ármenn, Stangaveiðifélag Selfoss og Stangaveiðifélag Þorlákshafnar auk Stakkavíkurnefndar.


Hlíðarvatn 2003 - 2005



Skipting á veiði Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar í Hlíðarvatni eftir mánuðum árin 2003 - 2005. Sumarið 2005 var aðalveiðin í maí (38%), júní (22%) og júlí (20%).


Skýrsla Hliðarvatnsnefndar

Hliðarvatn 2005



Yfirlit yfir helstu veiðistaði sem veiði var skráð á í veiðibók Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar á sumarið 2005. Vinsælustu veiðistaðirnir voru Kaldós (23%), Botnavík (12%), Hjalltangi (8%) og Djúpanef (8%)


Hliðarvatn 2003 - 2005



Samkvæmt veiðibók Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar var sumarið 2005 Peacock vinsælasta flugan með 37% af allri veiði á vegum SVH. Aðrar vinsælar flugur voru svo Krókur (5%), Alma Rún (4%), Watson's Fancy (3%), Pheasant Tail (3%) og Móbutó (3%).

Skýrsla Hlíðarvatnsnefndar

Hlíðarvatn 2003 - 2005



Mest af veiðinni sem skráð er í veiðibók Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar er 0,3 - 0,5kg (½lbs - 1lbs) alls um 58% aflans. 31% er á bilinu 0,5 - 1,0kg (1 - 2lbs) en um 11% er stærra en 1,0kg (2lbs).

Alexandersbikarinn:

Veittur fyrir stærsta fluguveidda fiskinn úr Hlíðarvatni, veiddan á leyfi frá SVH.

Til að hljóta hann verður fiskurinn að vera "löggiltur", s.s. það verður að mæta með hann til vigtunar niður í Veiðibúðina Við Lækinn.

Að þessu sinni var það hinn "**síungi Hlíðarvatnsveiðimaður**", **Ármann Sigurðsson** sem kemur til með að hampa honum.

Fiskurinn var veiddur 14. júní 2005, stærðin 2,1 kg og 58 cm, bleikja, veidd í Botnavík.

Því miður er ekki enn búið að útvega mynd af honum, en vonandi tekst það áður en langt um líður.



RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17
sími 565 4060

Yfirlitsmynd frá Hlíðarvatni



Svo þegar allt er tilbúið ... þá veiðum við



Að lokinni hreinsun vor hvert. Þá fara allir að veiða. Þetta er við Kaldósinn í lok apríl 2005.

Kynning á SVH

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar verður með kynningu á starfsemi félagsins á opnu húsi þann 9. febrúar. Kynningin verður í sal félagsins að Flatahrauni 29. Formaður SVH Hans Unnþór Ólason mun kynna starfsemina, veiðisvæði og félagsstarf félagsins og hvað það hefur upp á að bjóða fyrir stangaveiðfólk. Mikil fólksfjölgun hefur orðið á undanförunum árum í Hafnarfirði og nágrennabæjum og leynast örugglega margir veiðimenn í þeim hópi sem ekki vita af SVH og hvað félagið hefur upp á að bjóða eins og kastnámskeið, hnýtinganámskeið, unglingastarf, og félagsstarf yfir veturinn. Þessi kynning er því tilvalin fyrir alla veiðiáhugamenn að koma og kynna sér félagið. Einnig mun Ingimundur Bergsson koma og kynna fyrir okkur Veiðikortið, en það hefur átt vaxandi vinsældum að fagna, og nú hefur fjölgað veiðisvæðum sem kortið veitir aðgang að. SVH stendur fyrir opnum húsum í sal félagsins að Flatahrauni 29 á hverju fimmtudagskvöldi í vetur og eru öllu áhugafólki um stangaveiði opin. Einnig rekur SVH heimasíðu www.svh.is og þar getur fólk kynnt sér dagskrá opinna húsa. Húsið opnar kl. 20; Allir eru velkomnir og alltaf heitt á könnunni.

Jónskvísl og Sýrlækur

Það var fín veiði sem þeir fengu, Þorleifur og félagar úr Jónskvísl og Sýrlæk í september 2005.



Hér er Þorleifur Sigurðsson með einn 5 punda sjóbirting úr Sýrlæk.



Hér að ofan; Brandur Sigurðsson fékk þennan fallega 6 punda birting í Jónskvísl.



Hér til hliðar; Þorleifur búinn að setja í þennan 5 punda.

Aðalfundur SVH

Hér er dagskrá aðalfundar SVH sem verður haldinn í félagsheimilinu Flatahrauni 29 þann 16. febrúar 2006.

Mæting er kl.: 19:30

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkv. 8. grein laga félagsins. Lagabreytingar eru auglýstar hér á næstu síðu.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns stjórnar.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
4. Umræður um skýrslur og reikninga.
5. Reikningar bornir upp til samþykktar.
6. Lagabreytingar, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði.
7. Kjör formanns til eins árs.
8. Kjör tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
9. Kjör þriggja manna í varastjórn til eins árs.
10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
11. Kjör nefnda og nefndarformanna til eins árs.
12. Önnur mál.

Að loknum aðalfundarstörfum verður vöflukaffi að hætti hússins og sýnd viðureignin við "Djúpavatnströllið" en eins og menn eflaust vita veiddist 13 punda fiskur þar s.l. sumar. veiðimaðurinn Guðmundur Jónasson og bróðir hans Stefán mæta og sýna okkur myndbandið en svo skemmtilega vildi til að þetta var fest á filmu.

Að því loknu geta fundargestir spjallað saman yfir kaffibolla. Félagar fjölmennum og tókum með okkur gesti.

Stjórnin.

Veiðikortið 2006

Við minnum félagsmenn á að þeir geta "verslað" Veiðikortið 2006 við úthlutunina núna.

Verðinu verður stillt í hóf, eða aðeins kr.: 4.500



Aðalfundur - Lagabreytingar

Tillaga að lagabreytingum á aðalfundi Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar sem verður haldinn þann 16. febrúar 2006. Tillögurnar hér að neðan varðar fimmtu grein, 2. 3. og 5 lið, einnig sjöundu grein laganna, 2. lið.

5. gr. Árgjald og inntökugjald.

1. Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi. Gjaldddagi þess er 1. mars.
2. Auk árgjalds greiðir hver nýr félagsmaður inntökugjald. Upphæð þess er ákveðin á aðalfundi.
3. Stjórn er heimilt að bjóða lægra inntökugjald í sérstökum tilfellum.
4. Nýir félagsmenn skulu greiða árgjald á því ári er þeir ganga í félagið, ef úthlutun veiðileyfa hefur ekki farið fram, ella greiði þeir ekki árgjald það ár.
5. Inntöku- og árgjald þeirra félagsmanna sem náð hafa 66 ára aldri og þeirra sem eru yngri en 20 ára greiði lægri inntöku- og árgjald sem skal vera að hámarki 50% af fullum gjöldum.

7. gr. Stjórn og skoðunarmenn reikninga.

1. Í stjórn skulu vera fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Auk þess eru þrír menn í varastjórn.
2. Framboðum til stjórnar skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfund og skulu nöfn frambjóðenda birt í aðalfundarboði.
3. Formann skal kjósa til eins árs.
4. Hina fjóra stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára, tvo sitt hvort árið.
5. Varastjórn skal kjósa til eins árs.
6. Tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara skal kjósa árlega.



Veidihornið Hafnarstræti 5
Veidihornið Síðumúla 8

www.veidihornid.is

VEIÐIHORNIÐ

Langmesta úrval af fluguþnýtingaefni og verkfærum.
Frábært úrval af væsum í úrvalsflokki frá Dyna King og Renzetti



Barracuda



Traveller



Tube



Trekker

Kastnámskeið á vegum SVH, SVFR og Kastklúbbs Íslands.

Öll námskeiðin eru fjórir sunnudagar frá kl: 08:00 til 10:00 og fara fram í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík.

Allur útbúnaður er á staðnum, þó er þeim sem koma bent á að taka með sér góða inniskó, helst íþróttaskó.

Verðið er kr: 8.000 (félagsmenn fá 1.000 kr. afslátt).

ATH, EKKI ERU TEKIN KORT!

Næstu námskeið framundan eru:

5. til 26. febrúar (fjórir sunnudagar í röð).

5. til 26. mars (fjórir sunnudagar í röð).

Í apríl verða námskeiðin ekki alveg í röð, eða 2., 9., 23. og 30. apríl.

Nánari upplýsingar veitir Svavar í síma: 896 7085

Veiðimyndin ...



Ja svei mér þá Þetta er sko **kvennaveiði** í lagi, þarna eru þær Sigríður Hrólfsdóttir og Vilborg Reynisdóttir (Sigga og Bogga) að veiðum austur í Iðu.

Sérfræðingar í fluguveiði



PRO SHOP

**Sportvörugæðin hf.,
Skiopholti 5, s: 562 8383
www.sportvorugerdin.is**